

I 7. tbl.

26. jan. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Sálubót

„Á meðan hafaldan hlær“

syngur Söngfélagið Sálubót inn sumarið
á þrennum tónleikum nú í apríl

**Gleráarkirkju
Akureyri**
Þriðjudaginn
25. apríl kl 20:00

**Þorgeirskirkju
Þingeyjarsveit**
fimmtudaginn
27. apríl kl 20:00

**Fosshótel
Húsavík**
sunnudaginn
30. apríl kl 15:00

Sálubót er blandaður kór fólks frá Húsavík, Þingeyjarsveit og Akureyri.

Fjölbreytt efnisskrá.

Einsöngvari: Laufey Ása Eypórsdóttir

Stjórnandi: Guðlaugur Viktorsson

Meðleikarar: Eypór Ingi Jónsson og Marika Alavere

Miðaverð 3500 kr - enginn posi

Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla 2023

Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla verður haldinn í golfskálanum Lundi (Stekk) miðvikudaginn 3. maí kl 20:00 Auk venjulegra aðalfundarstarfa verða laga-breytingar og fleira skemmtilegt á dagskrá fundarins. Bergmál, blað Kvenfélagasambands Suður- Þingeyinga verður til afhendingar.



Nýir félagar velkomnir
Heitt á könnunni og veitingar að venju
Sjáumst

Stjórnin



Reykjahlíðarkirkja

Fermingarguðsþjónusta með altarisgöngu
verður í Reykjahlíðarkirkju
næstkomandi laugardag 29. apríl klukkan 14:00

Fermd verða:

Benedikt Þór Guðmundsson og Þórdís Lilja Guðnadóttir

Kirkjukórinn syngur og organisti og kórstjóri er Attila Szebik

Verið velkomin!
Sr. Örnólfur



Eins og mörgum er kunnugt þá sagði Pósturinn upp samstarfssamningi sínum við Sparisjóð Suður-Pingeyinga nýverið og í framhaldi af því var tekin ákvörðun um að sameina afgreiðslu Sparisjóðsins í Reykjahlíð við starfsstöðina á Laugum með haustinu.

Sparisjóðurinn mun áfram reka hraðbanka í Reykjahlíð og einnig verður komið fyrir innleggsskáp þannig að rekstraraðilar munu geta komið uppgjörum frá sér á öruggan máta áfram.

Í sumar verður þjónustan óbreytt.

Starfsfólk Sparisjóðsins mun hér eftir sem hingað til kappkosta að veita góða þjónustu.

Ef einhverjar spurningar vakna hikið þá ekki við að hafa samband við okkur í síma 464-6200 eða á netfangið spthin@spthin.is

Starfsfólk Sparisjóðs Suður-Pingeyinga

ATH! Leiðrétt dagsetning

Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar

Verður haldinn í Skógum

Þriðjudagskvöldið 2. maí 2023 kl 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf

- Kosningar
- Önnur mál.

Sóknarnefnd

Velferðasjóður þingeyinga vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagsamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur!

Munum!, að engum megum við gleyma! Við biðjum ykkur að láta af hendi rakna, svo að við getum viðhaldið sjóðnum og hjálpað þeim sem í nauð eru stödd.

Sækja þarf um úthlutun úr Velferðasjóðnum fyrir nóvembermánuð, fyrir **20. hvers mánaðar**.

Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum. Best er að senda umsóknir á: rkihusavik@simnet.is og/eða að koma þeim til okkar í gegnum sóknarpresta.

Allt fé sem inn kemur, rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.

Bankareikningur okkar er 1110-05-402610

Kennitala er 600410-0670

Bestu kveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Velferðasjóður þingeyinga.

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.350.- m.vsk

heilsíðuauglýsing kr. 6.300.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

Frá félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Aðalfundur félagsins verður haldinn
miðvikudaginn 3. maí kl 14.00 í Dalakofanum.
Venjuleg aðalfundarstörf og sagt frá væntanlegri
sumarferð.

Velja þarf í næstu ferðanefndir.
Nýir félagar 60 ára og eldri ávallt velkomnir.
Kaffiveitingar í boði félagsins .

Stjórnin.



Menningarverðlaun 2023

Íþróttatómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Þingeyjarsveitar 2023.

Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd.

Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Þingeyjarsveit.

Tilnefningar skal senda á itmnefnd@thingeyjarsveit.is fyrir 1. júní næstkomandi.

Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldum í sveitarfélaginu þann 17. júní n.k.

Reglur um menningarverðlaun má finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/reglugerdir/reglur_um_menningarverdlaun_i_thingeyjarsveit.pdf



**Sel-Hótel Mývatn býður eldri borgurum
60 ára og eldri að koma á ball með
Sigga Truggva og Elvari Braga
fimmtudagana 27. apríl og 4. maí
frá klukkan 21:00-23:00.**



Amma mús

**Sel-Hótel Mývatn og Amma mús handavinnuhús
bjóða upp á þrjónakaffi miðvikudagana
26. apríl og 3. maí milli kl 16 og 18.**

**Bodið verður upp á þrjóna- og
saumavörur til sölu.**

Verið velkomin.





Gleðilegt sumar, kærur íbúar Þingeyjarsveitar!

Pistillinn birtist á heimasíðu sveitarfélagsins á sumardaginn fyrsta.

Nú er sól og sumar
og söngur og líf!
Gyðjan óðs og ásta,
ég arm þinn hríf,
og með þér út í ljósið
ég syngjandi svíf.

Í dag fögnum við komu sumars, vetur að baki og má segja að uppskera vetrarins verði sýnileg með ýmsum viðburðum sem marka lok starfsárs og vorkomu. Í nýjstu Hlaupastelpunni kemur það berlega í ljós, en þar auglýsa bæði Karlakórinn Hreimur og Sönghópurinn Sálubót vortónleika. Í ár fagnar Skógræktarfélag Suður Þingeyinga 80 ára afmæli sínu en það var stofnað 19. Apríl 1943. Þann 24. júní nk. mun félagið bjóða til afmælishátíðar í Fosselskógi. Áfram mætti telja en læt hér staðar numið en ljóst er að mikið menningar og sjálfbóðaliðastarf fer fram í Þingeyjarsveit og það ber að þakka.

Vetrar myrkur maran
hún mæðir svo hug,
og því gjörðist andanum
erfitt um flug.
Nú er ég frjáls og fleygur
með fjöri og dug.

Síðasta árið hefur reynt talsvert á stjórnslu og starfsfólk sveitarfélagsins en óhætt er að segja að það hefur með miklu þolgæði, elju og dugnaði þjónustað íbúa vel, við oft erfiðar aðstæður. Er starfsfólkinu færðar bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu sveitarfélagsins. Á síðasta sveitarstjórnarfundum var skipaður starfshópur til að ljúka vinnu við nýtt stjórnskipulag fyrir sveitarfélagið og í framhaldinu mun starfshópurinn vinna að lausn húsnæðismála fyrir stjórnslu þess. Fjöldmörg verkefni lágu fyrir í stjórnslunni eftir sameiningu sveitarfélaganna sl. vor. Hefur úrvinnsla þeirra gengið heldur hægar en ráð var fyrir gert. Nú er unnið að samræmingu ýmissa gagna, stefna og

reglna. Undirbúningur að nýrri heimasíðu er í gangi og verið er að hanna nýtt byggðamerki. Í kjölfarið verður farið í endurmörkun sveitarfélagsins og er það er tilhlökkunarefni að kynna nýtt merki og útlit fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Fagra sumar, fylling
hins frjóþrungna vors,
athafa og óskastund
orku og þors.
Sæll ég geymi sólbros þín.
Til síðasta spors.

Í næstu viku verður ný aðstaða fyrir starf eldri borgara í Mývatnssveit tekin formlega í notkun og mun Félag eldri Mývetninga einnig fá inni í húsnæðinu fyrir sína starfsemi. Er það von okkar í stjórnarsýslunni að við þessa breytingu muni starf þeirra vaxa og eflast.

Nú stendur yfir vinna við nýja skólastefnu Þingeyjarsveitar undir handleiðslu ráðgjafa frá Skólastofunni slf. Í næstu viku verða opnir íbúafundir sem ég hvet íbúa til að taka þátt í. Það er ákaflega mikilvægt að sjónarmið allra hagsmunaaðila birtist í stefnunni þannig hún verði okkur gott veganesti til framtíðar. Frekari upplýsingar og skráningu á fundina er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Enn með sól og söngva
mitt sumar ég á.
Ó, hve margt er ógjört,
sem átti að koma frá.
- Og eftir að syngja sönginn,
þann söng, er allir dá!

Með þessum orðum og tilvitnunum í ljóð Sigurðar Jónssonar frá Arnavatni *Nú er sól og sumar* óska ég íbúum Þingeyjarsveitar gleðilegs sumars og með bjartsýni hlakka ég til að takast á við verkefni komandi ára.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.



Félagsstarf eldri borgara flytur í Mikley

Í tilefni þess að félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit flytur í Mikley verður opið hús nk.

fimmtudag 27. apríl milli kl. 15 og 16.

Mikley er vestari hluti skrifstofuhúsnæðis Þingeyjarsveitar í Reykjahlíð og mun félag eldri Mývetninga fá afnot af húsnæðinu utan þess tíma sem skipulagt félagsstarf fer fram í húsnæðinu.

Í syðri hluta Mikleyjar verður áfram til útleigu skrifstofuaðstaða sem og námsver með sólarhringsaðgengi.

Á opnu húsi verður eldri borgurum formlega afhent húsnæðið til afnota, heitt verður á könnunni og Gunnar á Löngumýri í Skagafirði kemur í heimsókn, segir frá orlofsbúðum eldri borgara á Löngumýri og fer með gamanmál.

Allir velkomnir.

Sveitarstjóri.

Fótsnyrting



Kvenfélag Reykdæla býður öllum 67 ára og eldri íbúum á félagssvæði sínu uppá afslátt af fótsnyrtingu hjá Snyrtipinnanum á Laugum.

Endilega setjið ykkur í samband við Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum og pantið tíma í síma 861 3154

Dansið svo inn í sumarið á glansandi fínum táslum .

Kvenfélag Reykdæla

Heimavirkjanir

Brúar kvöld

Föstudagskvöldið 28. apríl kl. 20.00 segir Jónas Sigurðarson frá gömlum heimavirkjunum.

Á fyrri hluta síðustu aldar hófst uppsetning margra lítilla vatns-aflsvirkjana á landinu og hefur Jónas safnað fróðleik um þær stöðvar sem settar voru upp á svæðinu og þá aðila sem stóðu þar að baki.

Brúar kvöld er röð samverustunda þar sem fræðimenn og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif. Brúar kvöld er annars vegar liður í að efla tengsl milli heimamanna og fræðimanna og hins vegar vettvangur fyrir heimamenn til að kynna störf sín á heimavelli.

Viðburðurinn er styrktur af SSNE
Staðsetning Kiðagil Bárðardal.

Sjáumst sem flest !!!



Glæsileg hátíð á Fosshótel Húsavík 1. maí 2023

Stéttarfélögin hafa ákveðið að færa hátíðarhöldin á Fosshótel Húsavík en þau hafa síðustu árin verið í Íþróttahúsinu á Húsavík. Hátíðarhöldin verða með breyttu sniði í ár og hefjast kl. 14:00. Boðið verður upp á kaffihlaðborð af bestu gerð frá hótelinu, hátíðarræðu dagsins, auk þess sem heimamenn í bland við góða gesti munu sjá um að skemmta gestum með mögnuðum tónlistaratriðum.

Dagskrá:

- Steingrímur Hallgrímsson spilar Internationalinn/alþjóðasöng verkalýðsins
- Hátíðarræða: Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar stéttarfélags
- Hljóm sveitin Ford Cortina: Flytjendur Unnsteinn Ingi Júlíusson, Daníel Borgþórsson og Edda Björg Sverrisdóttir
- Hljóm sveitin Tjarnastrengir úr Stórutjarnaskóla flytur nokkur lög undir stjórn Maríku Alavere
- Sunnanvindur - eftirlætislag Íslendinga: Flytjendur Ásta Soffía Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Gröndal og Grétar Örvarsson

Meðan á hátíðarhöldunum stendur verður gestum boðið upp á veglegt kaffihlaðboð í boði stéttarfélaganna.

Þingeyingar og landsmenn allir, tökum þátt í hátíðarhöldunum og drögum fána að hún á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí 2023.



Framsýn, stéttarfélag - Starfsmannafélag Húsavíkur – Þingidn, félag iðnaðarmanna